


Alþingi
Erindi nr. P 128/1077
komudagur 19.2. 2003



VÉLSTJÓRAFÉLAG ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis,
Alsherjarnefnd,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Reykjavík 18. febrúar 2003.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um björgunarsveitir og björgunarmenn, 375. mál.

Í frumvarpinu eru nokkuð skýr ákvæði um hlutverk, réttindi og skyldur björgunarsveita og björgunarsveitamanna sem starfa í í þágu almannaheilla með þátttöku við björgun, leit og gæslu á ábyrgð stjórnvalda og í samvinnu við þau. Þá er í frumvarpinu lagt til að björgunarsveitum eða heildarsamtökum þeirra verði skylt að slysatryggja félagsmenn sína gegn öllu tjóni sem þeir kunna að verða fyrir eða verða valdir að.

Mjög lengi hefur skort lagaramma um störf björgunarsveita og björgunarmanna. Í ljósi þess er það mat Vélstjórafélags Íslands að hér sé þörfu máli hreyft sem félagið styður.

Virðingarfyllst
f.h. Vélstjórafélags Íslands

Helgi Laxdal, formaður

Fagmenn til sjós og lands!